

Hverfisráð Hlíða

Ár 2015, mánudaginn 5. janúar var haldinn 115. fundur Hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða að Laugavegi 77 og hófst kl. 17:00. Viðstödd voru Margrét Norðdahl, formaður, sem stýrði fundi, Hilmar Sigurðsson, Kristján Freyr Halldórsson og Hrefna Guðmundsdóttir. Jóhanna Halldórsdóttir sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina og Saga Matthildur Árnadóttir, sem áheyrnarfulltrúi ungmennaráðs. Þá sátu fundinn Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða og Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Farið yfir tillögur til framkvæmda í hverfinu eftir athugasemdir og skoðun fagraðs. Tillögur hverfisráðs um hvaða verkefni fari í kosningu verða sendar verkefnisstjóra Betri hverfa. Hverfisráð mun óska eftir aðkomu að endanlegri útfærslu þeirra hugmynda sem kosnar verða.
2. Framkvæmdastjóra falið að leita svara við samtals 11 spurningum til Umhverfis- og skipulagssviðs, Skóla- og frístundasviðs, Menningar- og ferðamálaráðs og til lögreglu Höfuðborgarsvæðisins.
3. Samþykkt að óska eftir því að Hjálmar Sveinsson, formaður Umhverfis- og skipulagsráðs og Ólöf Örvar sviðsstjóri komi á næsta fund hverfisráðs til þess að ræða umhverfis- og skipulagsmál í hverfinu.
4. Samþykkt að óska eftir hugmyndum Ungmennaráðs Miðborgar og Hlíða um þau málefni sem hvíla á ungu fólki í hverfinu.

Fundi slitið kl. 18:15

Margrét Norðdahl,

Hilmar Sigurðsson
Hrefna Guðmundsdóttir

Kristján Freyr Halldórsson